

## Fundur Betadeildar fimmtudaginn 14. janúar 2010

Fundarstaður: Heima hjá Björk Sigurðardóttur að Stokkahlöðum í Eyjafjarðarsveit

### Dagskrá

1. Setning fundar
  2. Fundargerð síðasta fundar
  3. Bókakynning. Konur segja frá bókum sem þær hafa lesið undanfarið
  4. Happdrætti og kaffi
  5. Fundi slitið
- 
1. Eygló setti fund og skilaði kveðju frá fjarverandi félagskonum.
  2. Þorgerður las fundargerð frá síðasta fundi.  
Eygló sagði frá því að nú væri hægt að fara á póstlista þannig að maður fái sent í tölvupósti þegar eitthvað nýtt kemur inn á heimasíðu samtakanna. Það gengur þannig fyrir sig að neðst í vinstra horninu er reitur þar sem hægt er að slá inn netfang og þá fær maður upp síðu þar sem maður merkir við frá hvaða deild innan samtakanna fréttar er óskað.
  3. Næst sögðu konur frá bókum sem þær höfðu lesið. Að þessu sinni var það takmarkað við eina bók á hverja og slapp það til hvað tímann varðar. Inn á milli kynninga fengu konur sér kaffi og kræsingar í boði Helgu Thorlasíus, Gunnlaugar Friðriksdóttur og Önnu Þóru Baldursdóttur. Bókatitlar fara inn á heimasíðu félagsins.
  4. Ákveðið var að ræða um tvær bækur í leshring í mars. Þær eru: „Mæling heimsins” eftir Daniel Kehlmann og „Harmur engalns” eftir Jón Kalman. Annað hvort lesum við þær báðar eða aðra og veljum svo hvora við viljum ræða um í leshringnum.
  5. Happdrættisvinninginn að þessu sinni fékk Ragnheiður Stefánsdóttir.
  6. Fundi slitið.

Ritari

Þorgerður Sigurðardóttir